

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Kársneshöfn – athafnasvæði. Vesturvör 38 til 50. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar þann 13. júlí 2017 breytt deiliskipulag fyrir Kársneshöfn – athafnasvæði, Vesturvör 38-50. Í tillögunni er gert ráð fyrir að breyta lóðarmörkum Vesturvarar 38a og stækka lóðina úr 5.000 m² í 8.900 m², auka núverandi byggingarmagn úr 3.000 m² í 12.000 m² og færa byggingarreit til norðurs. Auk þess er gert ráð fyrir niðurgrafinni bílageymslu 6.800 m² að stærð. Hámarksgrunnflötur er áætlaður 3.600 m². Mænishæð og hámarksvegghæð hækkar úr 10 metrum í 13-16 metra. Miðað er við 1 bílastæði á hverja 50 m² húsnæðis eða um 240 stæði þar af um 200 stæði í niðurgrafinni bílageymslu. Lóðarmörk Vesturvarar 38b breytast og stækkar lóðin úr 5.000 m² í 11.300 m². Gert er ráð fyrir að auka núverandi byggingarmagn úr 3.000 m² í 12.000 m² og færa byggingarreit til norðurs. Auk þess er nú gert ráð fyrir niðurgrafinni bílageymslu 6.800 m² að stærð. Hámarksgrunnflötur er áætlaður 4.800 m². Mænishæð og hámarksvegghæð hækkar úr 10 metrum í 27 metra. Miðað er við 1 bílastæði á hverja 50 m² húsnæðis eða um 240 stæði þar af um 200 stæði í niðurgrafinni bílageymslu. Einnig er gert ráð fyrir að breyta lóðarmörkum Vesturvarar 40, minnka hana úr 11.700 m² í 8.400 m² með því að færa norðurlóðarmörk til suðurs um 50 metra og breyta heiti lóðarinnar í Vesturvör 40 til 42. Dregið er úr byggingarmagni sem ráðgert var 6.000 m² í 5.000 m² og byggingarreitur færður til suðurs. Hámarksgrunnflötur er 3.900 m². Miðað er við 1 bílastæði á hverja 100 m² húsnæðis eða um 50 stæði. Í tillögunni er gert ráð fyrir að breyta lóðarmörkum Vesturvarar 42-48, minnka hana úr 11.700 m² í 9.000 m² með því að færa norðurlóðarmörk til suðurs um 50 metra og breyta heiti lóðarinnar í Vesturvör 44 til 48. Dregið er úr byggingarmagni sem ráðgert var 6.000 m² í 4.500 m² og byggingarreitur færður til suðurs og rúmar hann þrjá innri byggingarreiti með mænisstefnur í austur – vestur. Hámarksgrunnflötur er 3.000 m². Miðað er við 1 bílastæði á hverja 50 m² húsnæðis eða um 90 stæði.

Aðkoma að svæðinu er óbreytt en ný gata er lögð í framhaldi af Vesturvör vestan við hús nr. 32 til 36 sem aðkoma að lóðunum nr. 40 til 50. Ekki er gert ráð fyrir að Vesturvör milli atvinnuhúsanna nr. 34 og 36 tengist húsagötunni við Vesturvör 38a og 38b. Skipulagssvæðið er óbyggt landfyllingar-svæði sem að stærsta hluta er búið að verja fyrir ágangi sjávar. Kantur sjóvarnar verður í kóta 5 en meðalhæð núverandi fyllingar er í kóta 4.2. Gert er ráð fyrir að hluti núverandi landfyllingar verði hækkaður í kóta 5.4. Byggingarreitur og lóðin að Vesturvör 50 er óbreytt. Heildaraukning fermetra í athafnahúsnæði er um 15.500 m². Almenn er vísað í samþykkt deiliskipulag fyrir Vesturvör 38 til 50, birt í B-deild Stjórnartíðinda 30. nóvember 2012.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 2. ágúst 2017.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.